

13 fundur fræðslu- og menningarnefndar

Haldinn í Grunnskólanum á Þórshöfn þann 26 júlí kl 17:00.

Mættir: Guðni, Hilma, Sigurður Kr, Sigurður J Jónsson og Soffía Björgvins auk Arnars og Önnu.

Formaður setti fund og bauð menn velkomna.

Dagskrá:

1. Mál. Ráðningar kennara:

Arnar kynnti eftirfarandi umsækjendur um lausar stöður.

Anna Þorsteinsdóttir BED nemi við HA.

Hugborg Anna Sturludóttir sem er að ljúka BA prófi í ensku frá HÍ.

Nefndin mælir með ráðningu þessa umsækjenda. Jafnframt bar Arnar undir nefndina ráðningu Hilmu Steinarsdóttur í hlutastarf sem nefndin samþykkti einróma. Undir ofangreindum lið vék Hilma af fundi.

Guðni lagði fram umsókn um kennarastöðu á Bakkafirði, frá Sigríði Indriðadóttur, stúdent frá VMA. Nefndin mælir með ráðningu hennar.

2. Mál. Ráðningar annarra starfsmanna:

Skólastjóri óskar eftir heimild til að auglýsa tvö störf stuðningsfulltrúa, annan í fyrsta bekk og hinn í níunda bekk. Nefndin samþykkir að auglýsa störfin.

3. Mál. Ráðning íþróttakennara:

Skólastjóri mælir með að Ragnar Skúlason íþróttakennari verði ráðinn að skólanum. Nefndin samþykkir tillögu skólastjóra.

4. Mál. Skipulag skólastarfsins næsta vetur:

Arnar kynnti hugmyndir að skipulagi næsta vetrar þ.e, bekkjarskipun, niðurröðun kennara og umsjónarkennara o,s,frv.

Nefndin samþykkir fyrirbyggjandi hugmyndir og lýsir ánægju sinni með ýmsar nýjungar.

5. Mál. Húsnæðismálin, væntanlegar framkvæmdir:

Formaður kynnti þá ákvörðun byggðaráðs að láta klæða allan Grunnskólann, en samkvæmt fagaðila sem yfirfór húsnæðið er klæðning forsenda annarra endurbóta á skólanum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 19:20.

Sigurður R Kristinsson, ritari